

HS Veitur hf, k.t. 431208-0590, Urriðaholt ehf kt. 500205-1050 og Garðabær kt. 570169-6109 gera með sér svofellt

## SAMKOMULAG

1. Aðilar eru sammála um að í vesturhluta Urriðaholts sbr. samþykkt skipulag verði lagt svokallað „5 víra kerfi“ rafmagns. Reynist það vel eru aðilar sammála um að halda slíku áfram í frekari uppbyggingu hverfisins.
2. Verkefnið er framkvæmt og viðhaldið af HS Veitum hf sem er rétthafi dreifingar á rafmagni í Urriðaholti skv. ákvörðun þar um. Verkefnið mun verða unnið samhliða uppbyggingu hverfisins.
3. Sem fylgiskjöl með samningi þessum eru 3 teikningar sem teljast vera hluti af samkomulagi þessu.
  - I. Urriðaholt – jarðbindikerfi og jarðskaut
  - II. Urriðaholt – heimtaug fyrir íbúðahús
  - III. Urriðaholt – kerfismynd, spennujöfnun
4. Urriðaholt ehf mun aðstoða við gerð kynningarefnis til lóðarhafa og hönnuða. Ekki skal stofnað til útgjalda nema með samþykki allra aðila.
5. Umsjónaraðili með verkefninu eru HS Veitur hf se annast samskipti við lóðarhafa samhliða tengingu heimtaugar að viðkomandi húsi. HS Veitur hf ráða til sín verktaka, hönnuði og sérfraeðinga á þessu sviði.
6. Aðilar eru sammála um að einstakir lóðarhafar verði ekki skyldaðir til að nýta sér kosti 5 víra kerfisins nema lög og reglugerðir kveði á um slíkt.
7. Aðilar eru sammála um að mæla árangur 5 víra kerfisins eins og unnt er og munu HS Veitur hf leiða þá vinnu. Ekki skal stofnað til sameiginlegra útgjalda þar um nema samþykki allra liggi fyrir.
8. HS Veitur hf verður eigandi kerfisins og annast rekstur og viðhald þess og innheimtir gjöld af íbúðareigendum vegna rafmagnsnotkunar um kerfið, samkvæmt mæli, með virðisaukaskatti.
9. Urriðaholt ehf samþykkir hér með að styrkja það að umrætt kerfi verði lagt í uppbyggingu Urriðaholts enda er um tilrauna- og þróunarverkefni að ræða af hálfu HS Veitna hf.
10. Urriðaholt ehf samþykkir að slíkur styrkur til HS Veitna hf verði að fjárhæð kr. 40.000.000 sem greiðist á eftirfarandi hátt:

a. Nú þegar greitt (fyrirfram)	9.000.000,-
b. Við undirskrift samkomulags þessa	9.000.000,-
c. Þann 1. september 2009	18.000.000,-
d. Með föstu gjaldi sem innheimtist á sama tíma og önnur tengigjöld eða kr. 31.746,- per lóð, auk virðisaukaskatts, eða m.v. 126 lóðir alls	4.000.000,-

Garðabæ, 6. maí 2009

f.h. HS Veitna hf

  
HS Orka hf.  
680476-0169  
Brekkustíg 36  
260 Reykjanesbær

f.h. Urriðaholts ehf.

J-Ra

f.h. Garðabæjar

Cunnis

